



Samband íslenskra  
kristniboðsfélaga

Starfsskýrsla  
2025-2026

Lögð fram á aðalfundi  
13. maí 2026



**KRISTNIBOÐSSAMBANDIÐ**  
í trú, von og kærleika



## Inngangur

Í starfi kirkjunnar og kristniboðsins felst köllun til nærveru í heiminum með sama hætti og Guð kom og bjó á meðal manna í Jesú Kristi. Jóhannesarguðspjall lýsir þessu með orðunum: „Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika“ (Jóh. 1:14). Þar birtist kjarninn í erindi Krists — að Guð steig inn í veruleika mannanna, tók á sig mannlegt líf með öllum þess takmörkunum og dvaldi meðal fólks til að miðla náð sinni og dýrð. Þessi sýn mótar einnig skilning okkar á kristniboði og þjónustu kirkjunnar í dag. Þegar Jesús segir lærisveinum sínum: „Eins og faðirinn hefur sent mig, eins sendi ég yður“ (Jóh. 20:21), kallar hann þau ekki aðeins til verkefna eða ákveðinna staða, heldur til ákveðinnar nærveru. Kristniboð snýst um að lifa meðal fólks, deila lífi þess og bera vitni um kærleika Guðs í verki og sannleika. Á liðnu starfsári hefur starf okkar einkennst af þessari köllun — að vera til staðar, miðla náð og byggja samfélag þar sem fólk fær að mæta kærleika Krists í orði og athöfn.

Eftirfarandi skýrsla beinir sjónum að starfinu, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi þar sem starf SÍK og stuðningur hefur gríðarleg áhrif.



*Borhola í Chespen*

## 1. Stjórn og skipulag

Starfsárið hófst með aðalfundi liðins árs sem haldinn var miðvikudaginn 23. apríl. Á fundinum var samþykkt að hefja formlegt samstarf SÍK og Kirkjuliðu Heimamissiónarinnar (HM) í Færeyjum sem felur í sér samvinnu á sviði bænar, ungmennastarfs, leiðtogaþjálfunar, stafrænnar miðlunar og alþjóðlegs kristniboðs. Áhersla er lögð á regluleg samskipti og árlegt endurmat samstarfsins.

Að loknum aðalfundi sátu þessi í stjórn SÍK: Ásta Bryndís Schram formaður, Kristján S. Sigurðsson varaformaður, Guðlaugur Gunnarsson gjaldkeri, Katrín Ásgrímsdóttir ritari, Ólafur Jóhannsson meðstjórnandi, Sigurður Pálsson 1. varamaður og Guðmundur Guðmundsson 2. varamaður.

Stjórnin fundaði níu sinnum á starfsárinu og helstu viðfangsefni voru fjármál, alþjóða- og innanlandsstarf SÍK og starfsmannamál.

Starfsfólk á skrifstofu var Sigríður Schram framkvæmdastjóri, Ragnar Gunnarsson fv. framkvæmdastjóri til maíloka 2025, Bryndís Róbertsdóttir sem sinnir afgreiðslu, símsvörum, skráningu þátttakenda og ýmsu öðru, Bryndís Böðvarsdóttir sem sinni íslenskukennslu og kynningarmálum í hlutastarfi á haustönn 2025 og vorönn 2026 og Snæfríður Tinna Brjánsdóttir sem sinnir upplýsinga- og tæknimálum auk ungmennastarfs o.fl. Hún var í hlutastarfi í nóvember og desember og í fullu starfi frá 1. janúar til maíloka. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir hefur að mestu verið frá vinnu vegna veikinda. Á Basarnum starfa Karl Jónas Gíslason umsjónarmaður nytjamarkaðar og Anna Sigurðardóttir í hlutastarfi. Tsige Yirga sinnir þrífum í Kristniboðssal sem verktaki.

Tugir sjálfbóðaliða aðstoða við margvísleg verkefni. Má þar nefna aðstoð við íslenskukennslu fyrir útlendinga og á Basarnum, söfnun, flokkun og sölu frímerkja, myntar og seðla af öllum gerðum. Kristniboðsfélögin sinntu auk þess fjáröflun með ýmsum hætti, t.d. kaffisölum, jólabasar, kjötsúpu- og kótilettukvöldi, fjáröflunarsamkomu og fleiru.

## 2. Innanlandsstarf

### 2.1 Kjarnastarfsemi

**Kristniboðsfélögin** eru grunnstoð starfsins. Félagsmenn biðja fyrir starfinu, þekkja það vel og taka þátt í fjáröflun.

Sé fólk ekki í kristniboðsfélagi getur það verið **einstaklingsaðilar** og eru þeir um 50 talsins. Margir taka auk þess þátt í starfinu með fjárframlögum og fyrirbænum þótt ekki sé um formlega félagsaðild að ræða en um 500 manns styrktu starfið á liðnu ári.

Útvarpsguðspjónusta á **kristniboðsdaginn** var frá Hallgrímskirkju þar sem Guðlaugur Gunnarsson prédikaði. Fulltrúar SÍK sögðu frá og fluttu fréttir af starfinu og prédikuðu í guðspjónustum í nokkrum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu.

**Kristniboðsvikan** var haldin dagana 1.–8. mars. Yfirskrift vikunnar var „Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið“. Undirbúningur var í höndum framkvæmdastjóra og stjórnar. Flestar samverur vikunnar, samkomur og fræðslustundir voru haldnar í Kristniboðssalnum en ein samkoman var haldin í aðalstöðvum KFUM/KFUK á Holtavegi og lokasamkoman í Íslensku Kristskirkjunni. Gestur

vikunnar var Ragnhild Myren starfsmannstjóri hjá Norska kristniboðssambandinu (NLM).

Árlegt **kristniboðsmót** á Löngumýri var haldið helgina 18.–20. júlí. Á dagskránni voru biblíulestur, vitnisburðastund, samfélagsstund, kristniboðssamvera og þátttaka í guðsþjónustu í Miklabæjarkirkju. Anna Magnúsdóttir og Guðmundur Jóhannsson sögðu frá ferð til Pókot í Keníu í janúar 2025. Biblíulestrar og hugleiðingar voru í höndum sr. Guðmundar Guðmundssonar, sr. Ólafs Jóhannssonar og Bjarna Gíslasonar, en Bjarni Gunnarsson sá um undirleik. Í undirbúningsnefnd voru Jón Oddgeir Guðmundsson, Kristján S. Sigurðsson og Hulda B. Jónasdóttir.



*Keniufarar á Löngumýri*

Eins og undanfarin ár eru **samkomur** í Kristniboðssalnum á miðvikudagskvöldum en um það bil eitt kvöld í mánuði er lofgjörðar- og bænasamkoma og eins fræðslukvöld. Í vetur fjölluðu Sigríður Schram, Margrét Jóhannesdóttir og Haraldur Jóhannsson um „Manneskjuna í Guðs mynd“. Í samkomunefnd 2025-26, ýmist allt starfsárið eða hluta til, voru Margrét Jóhannesdóttir formaður, Sveinbjörg Björnsdóttir, Sigurður Pálsson, Halldór Konráðsson og Sigríður Schram.

Ýmsir aðilar fá afnot af salnum eða leigja hann fyrir sínar samverur, þar á meðal eru Kristilegt félag heilbrigðisstétta, African Worship Church og kristið samfélag Eþíópía.

**Basarinn**, nytjamarkaður SÍK, gegnir mjög mikilvægu hlutverki í fjáröflun fyrir starfið. Auk þess tengir hann fjölda fólks við Kristniboðssambandið, hvort sem það gefur muni, kaupir eitthvað eða staldrar við til að ræða sín mál eða spjalla enda er ætlunin að geta einnig veitt einfalda sálgæslu og fyrirbæn á staðnum.

Því miður voru ekki farnar margar ferðir út á land til að efla tengsl við kristniboðsvini og þjóðkirkjufólk utan höfuðborgarsvæðisins þetta árið, en þó

heimsótti Sigríður Schram Akureyri í nóvember og Ragnhild Myren fór norður í kristniboðsvikunni.

## 2.2 Fjölmenningar- og fræðslustarf



*Íslenskukennsla*

Góður gangur er í **íslenskukennslu fyrir útlendinga** á vegum SÍK, ellefta veturinn sem þessi kærleiksþjónusta er í boði. Kennt er á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum frá hausti til vors.

Hópur sjálfboðaliða gegnir afar mikilvægu hlutverki á námskeiðunum. Auk hefðbundinnar kennslu í íslensku er mikið sungið af íslenskum lögum og kynning á íslenskri menningu.

Rannís styrkir námskeiðin. Viðurkenning Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu á SÍK sem fræðsluaðila á sviði framhaldsmenntunar var endurnýjuð til þriggja ára, eða til haustsins 2028.

Haldin voru tvö **Alfa-námskeið** á starfsárinu. Það fyrra var haldið haustið 2025 á ensku og persnesku. Þátttakendur voru nokkrir nemendur úr íslenskukennslunni auk Alfa-liða. Seinna námskeiðið var haldið á vorönn 2026 á íslensku. Þátttakendur voru 14 auk Alfa-liða. Nokkur hópur sjálfboðaliða kom að námskeiðunum. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og sjálfboðaliða með bæði námskeiðin.

## 2.3 Ungmennastarf

Í fyrrasumar fór 15 manna hópur á **æskulýðsmótið** UL (Ungdommens Landsmøte) í Noregi. Farastjórar voru Margrét Helga Kristjánsdóttir og Björn Inge Furnes Aurdal. Allt útlit er fyrir að hópur fari þangað einnig í sumar. Mótið er haldið af Misjons-sambandet-Ung í Noregi.

Tvenn ungmenni sóttu **ungmennamót** fyrir 17 ára og eldri hjá HM í Færeyjum í ágúst.

**Unglingastarf** SÍK fyrir 13–15 ára hófst í janúar 2026 í umsjón Þyríar Ágústsdóttur, Dagbjarts Elí Kristjánssonar, Andrias Garðsá og Magnus Hammer í Hjøllum. Hópurinn hittist á þriðjudagskvöldum og um 15 unglingar hafa sótt starfið. Í vetur hefur verið

notast við fræðsluefnið Unglinga-Alfa (Alpha Youth) o.fl. Efling unglingsstarfs er í beinu framhaldi af grasrótarfundi SÍK fyrir nokkrum árum þar sem félagsmenn óskuðu eftir meiri áherslu á starf með ungu fólki.

Unnið er að **leiðtogafræðslu** fyrir ungt fólk í samstarfi við HM sem stefnt er á að bjóða upp á í haust.



Frá UL sl. sumar

## 2.4 Samstarfsverkefni

Ýmisleg tengsl eru við **Þjóðkirkjuna** og kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu.

Nokkrir hópar **fermingarbarna** voru heimsóttir í haust og fengu kynningu á kristniboðsstarfinu.

Kristniboðssambandið fékk í fyrra styrk úr Kirkjumálasjóði upp á 9,5 milljónir króna. Reykjavíkurráðgjafsdæmi eystra styrkti starfið með 700 þúsund króna framlagi og **Hallgrímskirkja** gaf rausnarlega, eða 3,5 milljónir.

Verkefnið **Söfnuður til safnaðar** um tengsl sókna þjóðkirkjunnar á Íslandi við sóknir í systurkirkjum okkar í Keníu og Eþíópíu hefur því miður gengið illa og sóknir hér á landi ekki áfjáðar í samskiptin. Óvíst er hvað verður um framhaldið.

**Haustmót** var haldið í Vatnaskógi í október í samstarfi við Íslensku Kristskirkjuna og Salt kristið samfélag. Jákup Brúsá, framkvæmdastjóri HM í Færeyjum, var gestur og ræðumaður mótsins og yfirskriftin var „Lifandi kirkja“.

SÍK styður útvarpsstöðina **Lindina** með árlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar, kynna starfið eða sinna dagskrárgerð. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir er með kristniboðsþátt síðdegis á mánudögum sem ber heitið „Köllun og kraftaverk“. Þátturinn er endurfluttur tvisvar í sömu viku og er aðgengilegur í appi Lindarinnar. Helga Vilborg situr einnig í stjórn Lindarinnar.

SÍK er í óformlegu samstarfi mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu sem kallast nú **Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu (FFP)**. Fundir eru þrisvar á ári eða oftár ef þörf krefur. Þar er rætt um sameiginleg hagsmunamál og stundum skrifaðar

sameiginlegar yfirlýsingar, t.d. hvað varðar mannréttindi og framlög til þróunarhjálp. Ýmis samskipti eru við **utanríkisráðuneytið** vegna málaflokksins og samninga um verkefni sem það styður.

## 3. Alþjóðastarf

### 3.1 Eþíópía

SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum samstarfsaðilans Mekane Yesu kirkjunnar (EECMY) í suðurhluta landsins. Áherslan er m.a. á uppfræðslu forystufólks, presta og prédikara. Kirkjan er í örum vexti og fjölmennasta lúterska kirkja heims.



Minningarathöfn um Felix Ólafsson í Konsó

SÍK styrkir Central Rift Valley sýnóðuna í Konsó vegna launa- og ferðakostnaðar forseta hennar.

Verkefni sem SÍK tekur þátt í á vegum **kirkjunnar** eru þýðing Biblíunnar á tungu Tsemai-manna sem búa í Voitódalnum og umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða þar og í Ómó Rate. SÍK leggur biblíu- og kristniboðsskólanum í Awasa lið og styrkir nema í biblíu- og guðfræðinámi. Veittir eru og minni styrkir til annarra verkefna.

Stjórnin fékk árið 2024 beiðni um samstarf og styrk frá kristniboðsdeild kirkjunnar vegna kristniboða, hjóna frá Konsó, sem héldu til starfa til Tjad. Samþykkt var að greiða launakostnað til 1. september 2026.



My Sisters

Verkefni á sviði **þróunarsamvinnu** í Eþíópíu eru einkum verkefnið **My Sisters**, en þar fá ungar mæður tækifæri til náms og framtíðar í Addis Ababa.

## 3.2 Kenía

Kristniboðssambandið tekur þátt í starfi Evangelísku lútersku kirkjunnar (ELCK) í Keníu, í biskupsdæmunum tveimur: Norðvestur og Keriodalnum.

James og Angela Joransen héldu námskeið fyrir **sunnudagaskólakennara** í desember í báðum biskupsdæmum.



*Frá námskeiði fyrir sunnudagaskólakennara*

Biblúfélagið stóð fyrir söfnun fyrir prentun nýja **testamentisins á Pókot máli** á haustmánuðum og bækurnar voru afhentar í ferð James og Angelu.

Sigríður Schram fór í **eftirlitsferð** í janúar/febrúar til að fylgja eftir þróunarverkefnum og hitta þá sem sinna útbreiðslustarfinu.

Dr. Kjartan Jónsson fór **kynnisferð** með hóp ferðamanna í janúar og kenndi síðan á Kapenguria Bible Center í mánuð á námskeiði fyrir djákna og prédikara.



*Kjartan og Sigríður með nokkrum starfsmönnum útbreiðslustarfsins*

SÍK styður enn vel við **útbreiðsluverkefni kirkjunnar** en nokkrir prestar og prédikarar starfa á vegum þess. Starfið teygir sig víða, einkum til jaðarsvæða. Framkvæmdastjóri fundaði með yfirmönnum kirkjunnar vegna útbreiðsluverkefnisins og ræddi aukna ábyrgð kirkjunnar í framtíðinni.

Styrkir fengust frá utanríkisráðuneytinu til fjögurra ára verkefnis en um er að ræða menntaverkefni með áherslu á bættu innviði og aðbúnað, aukin gæði í

starfi, stuðning við stúlkur í viðkvæmri stöðu, viðbrögð við loftlagsvá með trjárækt o. fl.

Hópur nemenda nýtur styrkja til náms í framhalds- og háskólum, ekki síst vegna eyrnamerktra gjafa frá kristniboðsvinum. Einnig hljóta nokkrir nemendur á biblíuskólanum KBC styrki fyrir hluta námskeiðsgjalda.

## 3.3 Japan og Suðaustur-Asía

Leifur Sigurðsson kristniboði starfar ásamt eiginkonu sinni Katsuko innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan (WJELK) á Rokkó-eyju, úthverfi Kobe í Japan. Þeirra hlutverk er að ná til nýrra í nærumhverfi sínu. Um skeið styrkti SÍK einnig lítillaga Gabríel Einarsson sem starfar nú sem kristniboði á vegum YWAM í Japan.



*Unglingasamkoma í Japan*

## 3.4 Starf í Evrópu og víðar

Fyrir þremur árum samþykkti aðalfundur að efla starf meðal aðfluttra íbúa í Evrópu. Í því felst að greiða Mehran Mohammed Rezai laun en hann starfar meðal farsímælandi í London og víðar. Kona hans, Janet M. Sewell, vinnur fyrir Evrópuskrifstofu Lausanne-hreyfingarinnar. SÍK lítur á þau sem sína kristniboða. Mikið hefur mætt á þeim síðustu mánuði vegna átakanna í Íran en þau hafa verið mikill stuðningur fyrir íranska samfélagið í London.

Hjónin Nora og Gísli Jónsson starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu, einkum meðal Rómafólks. SÍK styður þau lítils háttar og tekur við söfnunarfé til starfs þeirra auk þess að miðla fréttum og fyrirbænaefnum frá þeim hér á landi.

## 3.5 Fjölmiðlastarf

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til **Kína** í von um að ná til barna og fullorðinna á landsbyggðinni.

SÍK hefur frá því 2019 styrkt rekstur **Pak-7**, samkirkjulegs fjölmiðlastarfs í Pakistan, sem nýtir m.a. samfélagsmiðla og netið til að ná til ungs fólks. Fyrsta sjónvarpsrásin fór í loftið árið 2022.

SÍK er samstarfsaðili **Sat-7**, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Hugsjónin er að styðja við bakið á kristnu fólki á svæðinu með dagskrá sem framleidd er af heimamönnum. Sent er út á fimm rásum, á arabísku, tyrknesku og farsí auk barnarásar og skólasjónvarps sem sérstaklega er hugsað fyrir börn í flóttamannabúðum en nýtist ýmsum öðrum vel. Áherslan er þrjúþætt, á menntun, heilsufar og félagslega þróun.

Mikilvægur þáttur í starfi Pak-7 og Sat-7 er ráðgjöf við áhorfendur sem hafa samband með síma, tölvupósti, bréfaþósti og á samfélagsmiðlum. Starfið er því mjög gagnvirk. Það hefur reynst mikilvægt á tímum stríðsátaka í Mið-Austurlöndum eins og verið hefur undanfarna mánuði.

### 3.6 Önnur tengsl og samstarf

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna Norska kristniboðssambandið, **NLM**, vegna samstarfs í Eþíópíu, Keníu og Japan. Einnig eru góð tengsl við lúterskar kristniboðshreyfingar annars staðar á Norðurlöndunum.

Samskipti við kirkjurnar í Eþíópíu, Japan og Keníu fara að miklu leyti fram í gegnum NLM en einnig eru bein tengsl við kirkjurnar í Pókot í Keníu og Konsó í Eþíópíu.

SÍK er einnig í samstarfi við ungliðahreyfinguna **Misjonsambandet-Ung** og óskað hefur verið eftir stuðningi þeirra við ungmennastarf SÍK.

SÍK er aðili að **Nordisk Indremisjonsråd** (NIR) og situr framkvæmdastjóri í stjórn þess. Fundur var í Finnlandi í ágúst en vegna persónulegra aðstæðna gat framkvæmdastjóri ekki setið hann. Aðrir fundir eru rafrænir. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir situr í stjórn **NIMBU**, sem er barna- og unglingastarfs-armur NIR.



*Andrias og Magnus*

SÍK og **Kirkjuliga Heimamissiónin** í Færeyjum hófu formlegt samstarf á síðasta ári eins og getið er um framar í skýrslunni. SÍK hefur þegar notið góðs af því samstarfi og fengið tvo sjálfbóðaliða til starfa í ungmennastarfi frá janúar til júní. Þeir heita Andrias

Garðsá og Magnus Hammer í Hjöllum. Okkur stendur til boða að fá aftur sjálfbóðaliða í haust. SÍK hefur séð þeim fyrir húsnæði og strætókorti en HM greiðir þeim sjálfbóðaliðastyrk fyrir uppihald. Framkvæmdastjórar kristniboðs-hreyfinganna eiga reglulega fjarfundi og biðja fyrir starfinu á báðum stöðum.



*Frá norrænum Lausanne-tengiliðafundi*

SÍK er tengiliður Íslands í *European Evangelical Missionary Alliance* (EEMA). Framkvæmdastjóri er einn af tengiliðum *Lausanne-hreyfingarinnar* hér á landi og sótti fund norrænna tengiliða í Osló í apríl. Eins sótti framkvæmdastjóri ráðstefnu Norsk Råd for Misjon og Evangelisering (NORME) sem haldin var í samstarfi við Lausanne samhliða tengiliðafundinum í apríl. Þar var sjónum beint að auknum áhuga ungs fólks í Noregi á kristinni trú og kristniboði og hvernig kristniboðshreyfingarnar bregðast við honum.

Ýmis önnur óformleg tengsl eru við samtök og einstaklinga erlendis.

### 3.8 Hagur kristniboðabarna

Á síðustu árum hefur aukist skilningur á því að mörg kristniboðabörn áttu mjög erfitt, sérstaklega á heimavistarskólum langt frá foreldrum sínum. Sú erfiða reynsla hefur fylgt þeim út í lífið en mikilvægt er að gefa þeim kost á að gera upp fortíðina og vinna úr tilfinningalegum áföllum. Þetta á einnig við um sum börn íslenskra kristniboða í Eþíópíu og Keníu.

Nú hafa verið gerðir samningar við NLM um að fullorðnum fyrrverandi kristniboðabörnum standi til boða sömu heilsutilboð og norskum kristniboðabörnum, en það eru samtöl við fagaðila sem hafa sérþekkingu á vinnu eftir áföll af þessum toga og aðgang að mótum og fundum sem NLM stendur fyrir í Noregi. Hulda Björg Jónasdóttir og Gísli Davíð Karlsson eru tengiliðir SÍK við kristniboðabörn og halda utan um póstlista og upplýsingagjöf.

Einnig býður NLM upp á námskeið í sumar og haust fyrir foreldra og annað fyrir kennara og sjálfbóðaliða sem starfað hafa við norsku skólana í Afríku. Íslendingar eru velkomnir á þessi námskeið.

Það er ósk Kristniboðssambandsins að með þessu móti sé hægt að styðja fyrrum kristniboðabörn til bata með því að vinna úr áföllum sem þau hafa orðið fyrir.

Til stendur að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu SÍK.

## 4. Útgáfa og kynningarmál


**Kristniboðsfréttir** komu út tvisvar, í maí og nóvember. Áskrifendur eru um 1700 og fær rúmur fjórðungur þeirra blaðið prentað en hinir á rafrænu sniði. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks. Framkvæmdastjóri ritstýrði útgáfu blaðanna. Valkrafa var send á flesta áskrifendur Kristniboðsfrétta, bæði í maillok og fyrir jólin. Undirtektir voru nokkuð góðar og komu inn samtals tæpar 2 milljónir með þessum hætti.

**Kristniboðspósturinn**, netfréttabréf, hefur undanfarin ár verið sendur á um það bil mánaðarfresti til flestra áskrifenda Kristniboðsfrétta með skráð netföng til að minna á það helsta sem er á döfinni á hverjum tíma. Ekki tókst að senda hann út jafn oft á síðasta ári. Allar fréttir og dagskrá SÍK og aðildarfélaganna eru birtar á heimasíðu og samfélagsmiðlum.

**Kristniboðsalmanakið** 2026 kom út í október í 4.000 eintökum og var dreift í kirkjur, á Basarnum og til áskrifenda Kristniboðsfrétta sem þess óskuðu. Lífsmótun, útgefandi Lykilorða, tók þátt í útgáfu og kostnaði.

**Heimasíða** SÍK, [www.sik.is](http://www.sik.is), er nýtt til að auglýsa samverur og viðburði og segja fréttir af starfinu innanlands og á alþjóðavettvangi. Sama á við um **samfélagsmiðlana**. Heimasíðan [sik.is](http://sik.is) var endurhönnuð og enn stendur yfir vinna við að gera hana aðgengilega og auðvelda fólki að gerast styrktaraðilar í gegnum síðuna. Vinna stendur fyrir dyrum við endurbætur á saltforlag.is.

**Salt ehf. útgáfufélag** er í eigu SÍK. Á árinu 2025 komu út tvær bækur: Heildarútgáfa Ævintýraheims Narníu eftir C. S. Lewis sem kilja og rafbók og Ekkert að óttast eftir John. C. Lennox, í þýðingu Sigurðar Bjarna Gíslasonar. Hjónin Angela og James Joransen eiga mikinn þátt í útkomu bókar C. S. Lewis.



Salt ehf. gefur einnig út **Bjarna** sem kemur út þrisvar á ári og er tímaritið selt í áskrift. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson. Í ritnefnd með honum eru Böðvar Björgvinsson, Helena Leifsdóttir, Sigríður Schram og Vigfús Ingvar Ingvarsson. Prófarkalesari er Þorgils Hlynur Þorbergsson.

## 5. Rekstur og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60, 2. hæð, fyrir neðan Kristniboðssalinn.

SÍK á húsnæðið sem hýsir Basarinn í Austurveri og í Miðbæ við Háaleitisbraut 58-60 sem hýsir skrifstofuna og 86 fermetra að auki sem eru í útleigu. Nýir leigjendur tóku við leiguréminu í byrjun árs 2025. SÍK á 40% í Kristniboðssalnum á móti Kristniboðsfélögunum í Reykjavík. Þessum fasteignum fylgir alltaf eitthvert viðhald. Einhver kostnaður var á árinu vegna brunavarna.

Góður hópur sjálfbóðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu **Basarsins**. Á sama stað eru einnig til sölu bækur bókaútgáfunnar Salts ehf. og aðrar kristilegar bækur.

**Hendum ekki verðmætum!**

SÍK safnar frímerkjum, gamalli og nýrri mynt og seðlum, innlendum sem erlendum. Allt er selt fyrir hámarksverð til styrktar starfi SÍK.

Skilastaðir eru skrifstofa SÍK og Basarinn Austurveri. Póstfangið er Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík. Á Akureyri: Jón Oddgeir Guðmundsson í Litla Húsinu.

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Notuð frímerki og erlend smámynt eru góður tekjustofn en umsjón með **frímerkjum** er í höndum Jarle Reiersen og **mynt** í höndum Sigurjóns Gunnarssonar auk fleiri sjálfboðaliða. Tekjur liðins árs vegna þessa voru um 4,5 milljónir.

SÍK tekur við gjöfum í **menntasjóð** til menntamála í Keníu og Eþíópíu. Þær fara í skólabyggingar, skólustarf eða stuðning við einstaka nemendur.

SÍK er á **almannaheillaskrá** og norskir skattgreiðendur geta einnig með svipuðum hætti og íslenskir styrkt SÍK og fengið frádrátt frá skatti.



*Djárnabekkurinn á Kapenguria Bible Center í Keníu*

## **Þakkarorð**

Stjórn SÍK þakkar öllum sem tengjast Kristniboðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og taka þátt í starfinu með fjárframlögum, munum á Basarinn, frímerkjum, mynt og seðlum, bakstri, sjálfboðavinnu við samkomu-, fræðslu- og fjáröflunarstarf, íslenskukennslu og á Basarnum, með fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar. Án grasrótarinnar væri lítið starf í gangi.

Kristniboðssambandið vill miðla trú, von og kærleika. Horfum fram á við í von til Drottins sem kallar til verka, að bera vitni um kærleika hans með því að gera Jesú kunnan meðal þjóða heims og bæta líf fólks til frambúðar með margvíslegri kærleikspjónustu.

*F.h. stjórnar og starfsmanna SÍK,*

*Sigríður Schram  
framkvæmdastjóri*

## **Samband íslenskra kristniboðsfélaga**

Kristniboðssambandið – í trú, von og kærleika

Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík - Sími 533 4900

Rafpóstur: [sik@sik.is](mailto:sik@sik.is) - Veffang: [sik.is](http://sik.is)

**Kennitala: 550269-4149. Gjafareikningur: 0117-26-002800**

[facebook.com/kristnibod](https://facebook.com/kristnibod) - [instagram.com/sik\\_island](https://instagram.com/sik_island)

### **Basarinn – nytjamarkaður**

Austurvegi, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík - Sími 562 6700

